

47
15. marz Um 3. Penningabrjef það, sem hjer ræðir um, hefur eptir skýrslu yðar verið skrásett á póststofunni í Reykjavík á póstsendingaskrá til Víðimýrar með fyrstu póstferðinni, en þegar póstpokinn frá Reykjavík til Víðimýrar var tæmdur þar, fannst brjefið ekki í honum, og var hann þó með ósködduðu innsigli póststofunnar í Reykjavík. Þar sem engin sönnun er komin fram fyrir því, að áminnt penningabrjef hafi á póststofunni í Reykjavík verið látið ofan í póstpokann til Víðimýrar, og sá, sem brjefið sendi, hefur fengið skaða sinn bættan af yður, verður ekkert endurgjald greitt fyrir þessa peningasendingu úr póstsjóði.

Í sambandi við það, sem að framan er sagt, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að leggja ríkt á við alla þá póstaðgreiðslumenn, sem þjer eruð skipaður yfir, að hegða sjer nákvæmlega eptir því, sem fyrir skipað er í 7. og 8. gr. í leiðarvísi fyrir póstaðgreiðendur 31. október 1872, um afgreiðslu böggla- og peningasendinga, og sjerstaklega, að þeir eigi að hafa votta eða að minnsta kosti póstinn við, bæði þegar þeir láta slíkar sendingar niður í póstpokana og póstskrinurnar, og þegar þeir opna póstskrinurnar og póstpokana til að taka upp brjef og sendingar, sem til póstaðgreiðslunnar eiga að fara, og ávallt bera það sem niður er látið og upp er tekið nákvæmlega saman við póstsendingaskrárnar og aðgæta, að allt sje með rjettum ummerkjum, og í annan stað að leggja svo fyrir, að þegar póstar eiga að taka við póstflutningi hvor af öðrum, þá skuli hlutaðeigandi póstaðgreiðandi eða brjefhirdir í votta viðurvist eða að minnsta kosti í viðurvist beggja póstanna gæta vandlega að því, að póstflutningnum sje skilað með rjettri tölu og rjettum ummerkjum.

48
19. marz *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hallærislán.* — Með brjefi þessu var Húnavatnssýslu veitt 2950 kr. hallærislán í viðbót við áður veittar 5000 kr. og hafði þannig alls fengið 7950 kr. hallærislán samkvæmt vilyrðinu í landshöfðingjabrjefi 26. ág. 1887, en Skagafjarðarsýsla hafði 7. nóv. f. á. fengið 10000 króna hallærislán samkvæmt fyrirheiti í sama landshöfðingjabrjefi. Bæði lánin skyldu afborgast með $\frac{1}{10}$ árl. auk vaxta 4% á ári.

49
23. marz *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu lóðargjalds af fangahúsi.* — Jafnframt því að endursenda yður hjer með, herra amtmaður, reikning þann yfir lóðargjald fyrir fangahúsið á Akureyri, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 13. f. m., undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, að með því að gjald það, er hjer ræðir um, verður eigi álitid að heyra til kostnaðar þess til fangahúsa, er samkvæmt tilsk. 4. marz 1871 sbr. 1. gr. laga 2. nóv. 1877 ber að greiða úr landssjóði, getur upphæð reiknings þessa, er greiða ber úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eigi orðið ávísað til útborgunar úr jarðabókar-sjóði.

50
6. apríl *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um að Skaptártunguhreppur skuli vera sjerstök mauntalsþinghá.* — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 4. p. m., viðvíkjandi beiðni hreppsnefnd-